

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Efstaleiti 9.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 5. júlí 2019, breytingu á deiliskipulagi RÚV-reits vegna lóðarinnar nr. 9 við Efstaleiti. Í breytingunni felst að byggingarreitur er tvískiptur; byggingarreitur fyrir 3 hæðir verður á norðanverðri lóð og byggingarreitur fyrir 2 hæðir að sunnanverðu. Skilmálatafla breytist hvað varðar bílastæði auk þess sem núverandi fyrirkomulag á lóð m.t.t. byggingar, bílastæða og gróðurs er uppfært í samræmi við það sem þegar er byggt.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Njálsgata 51.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 5. júlí 2019, breytingu á deiliskipulagi Njálsgötareits vegna lóðarinnar nr. 51 við Njálsgötu. Í breytingunni felst stækkun á norðurhorni 2. hæðar hússins.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Suðurlandsbraut 16.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 12. júlí 2019, breytingu á deiliskipulagi Ármúla, Vegmúla og Hallarmúla vegna lóðarinnar nr. 16 við Suðurlandsbraut. Í breytingunni felst að koma fyrir flóttastiga úr húsinu á austurgafli og mun byggingarreiturinn stækka sem honum nemur, færa núverandi bílastæði vegna stækkunar byggingarreits og gerð er kvöð um gönguleið meðfram flóttastiga.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 6. júní 2019, tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir svæði sem afmarkast af Dunhaga 18-20, Hjarðarhaga 27-33 og Tómasarhaga 32-46. Í tillögunni felst m.a. niðurrif og uppbygging á lóð nr. 18-20 við Dunhaga auk bílskúrshæimilda á tveimur lóðum.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Korngarðar 1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 5. júlí 2019, breytingu á deiliskipulagi Skarfabakka - Klettasvæðis vegna lóðarinnar nr. 1 við Korngarða. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður að hluta á suðvesturhorni reitsins til suðurs, nýtingarhlutfall hækkar úr 0,5 í 0,55 og kvöð er á lóðinni þar sem fyrir eru fráveitulagnir og þarf að færa lagnir út fyrir byggingarreit.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Suður-Mjódd.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 26. júní 2019, tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Suður-Mjódd vegna lóðanna nr. 2a-2d við Álfabakka. Í breytingunni felst að gerðar eru breytingar á aðkomu í bílakjallara og þeim fjölgað.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Einarsnes 44 og 44A.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 26. júní 2019, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Einarsnes vegna lóðanna nr. 44 og 44A við Einarsnes. Í breytingunni felst færsla á lóðarmörkum þannig að bílastæði á baklóð húss nr. 44 verði hluti af lóð 44A. Lóð nr. 44 minnkar um 16 m² við breytinguna og lóð nr. 44A stækkar sem því nemur. Kvöð um bílastæði á baklóð húss nr. 44 fellur niður.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Snorrabraut 60.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 16. maí 2019, breytingu á deiliskipulagi Heilsuverndarreits vegna lóðarinnar nr. 60 við Snorrabraut. Í breytingunni felst hækkun og stækkun á viðbyggingu hússins, breyting á lóðarmörkum, breyting á bílastæðum o.fl.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Suðurlíð 9, Klettaskóli.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 28. júní 2019, breytingu á deiliskipulagi Suðurlíða vegna lóðar nr. 9 við Suðurlíð, Klettaskóla. Í breytingunni felst að gerður er byggingarreitur fyrir fjórar færanlegar kennslustofur austan við skólann ásamt tengibyggingu.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Ellidabraut 4-22.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 28. júní 2019, breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna lóðanna nr. 4-22 við Ellidabraut. Í breytingunni felst að stækka afmörkun deiliskipulags að Breiðholtsbrautinni að núverandi göngustíg frá undirgöngum úr Víðidal að Björnslundi og að hringtorgi við Þingtorg, gera hljóðmön og göngu- og hjólastíg milli Breiðholtsbrautar og Ellidabrautar 4-22 og fjölga íbúðum við Ellidabraut 12-22.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 19. júlí 2019.

Björn Axelsson.